# Leikskólinn Furuskógur

# 2019 – 2020



## Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: 3

1 Greinargerð leikskólastjóra 3

2 Innra mat deildar 5

3 Ytramat 28

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla 29

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 30

6 Foreldrasamvinna 31

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 32

8 Fylgigögn 33

8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning 33

8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. 35

8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs 38

## Leiðarljós leikskólans:

# 1 Greinargerð leikskólastjóra

Nú er liðið fyrsta skólaárið sem við Helga aðstoðarleikskólastjóri erum við stjórnvölinn og erum við að sigla inn í næsta skólaár reynslunni ríkari. Þegar ég lít um öxl þá var byrjun á síðasta skólaári frekar brött. Í fyrsta lagi gekk illa að ráða starfsmenn í lausar stöður, sem ekki voru margar, en það sem reyndist okkur erfiðast var að enginn sótti um sérkennslustjórastöðuna sem var auglýst í allan vetur. En þetta ástand gerði stöðu okkar Helgu þunga eins og gefur að skilja. Reyndi mikið á Helgu vegna þess að bæði var hún að læra á nýtt starf og jafnframt að sinna sínu gamla starfi. En Helga sýndi mikinn dugnað og þrautseigju og vil ég þakka henni fyrir það.

Upp kom sú staða að elsti árgangur í Efstalandi var mjög fjölmennur og húsnæðið ekki til þess fallið að hýsa svo mörg börn. Við settumst niður ásamt deildarstjórum í Efstalandi og var ákveðið að elsta deildin og miðdeildin skiptu um húsnæði í vetur. En svo kom í ljós að það gekk ekki. Við þessar aðstæður urðu börnin, foreldrar og starfsfólk óörugg og reynsluleysi okkar varð til þess að við vorum ekki nógu upplýsandi fyrir foreldra.

Í ágúst var ákveðið að skipta um tölvukerfi, sú aðgerð átti að taka tvo daga en tók rúman mánuð. Þá kom í ljós hvað við erum háð tækninni í okkar starfi og hvað það verður erfitt þegar hún er ekki í lagi.

Um áramótin þá var allt komið á betri stað og starfið farið af stað og má þakka deildarstjórunum og öllu okkar frábæra starfsfólki sem lögðu hönd á plóginn og var haldið áfram með gott skólastarf.

Nú erum við öll reynslunni ríkari og hlökkum til að fá tækifæri að innleiða metnaðarfulla menntastefnu Reykjavíkurborgar. Ætlum við að byrja á því að líta til sjálfseflingar og félagsfærni og erum búin að að sækja um þróunarstyrk til þess. Við hlökkum til að vinna saman að þeim verkefnum og fá tækifæri að skapa aðstæður þar sem börn fá að þjálfa styrkleika sína og sýna hvað í þeim býr.

Síðastliðinn vetur vorum við þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að vera þátttakendur í tilraunaverkefni gegn vinnutengdri streitu. Þar höfum við lært margt mjög gagnlegt, eins og að starfsumhverfið verður að vera styðjandi og þar þarf að ríkja jákvæður starfsandi með skýra stefnu og tilgang. Í þessu frábæra verkefni höfum við fengið verkfæri sem við ætlum að nota til skapa slíkt vinnuumhverfi, sem gefur vonandi af sér ánægðara starfsfólk, börn og foreldra.

Við fengum það hlutverk að opna ungbarnadeild í Furuskógi og ákváðum að nota þær breytingar til að leiðrétta húsnæðið í starfsstöð okkar við Áland, þ.e.a.s færa elstu deildina þar sem deild yngstu barnanna var og öfugt. Rökin fyrir því eru að ungbarnagarður hefur verið við hliðina á elstu deildinni

og fjærst þeirri yngstu, auk þess sem við teljum húsnæðið betur henta aldri barnanna með þessum hætti. Þá er líka ákveðið öryggi að hafa yngstu börnin nálægt aðstöðu starfsfólks. Framkvæmdir vegna þessa hafa gengið vonum framar í sumar og það verður spennandi þegar allt verður komið á sinn stað.

Við höldum spennt inn í nýtt starfsár og tökumst á við verkefnin með reynslu, nýjar hugmyndir og gleði í farteskinu.

Ingibjörg Brynjarsdóttir, leikskólastjóri



## 2 Innra mat deildar

**Innra mat Álfasteins 2018 -2019**

**Á Álfasteini  voru 16 börn fædd 2014 og 2015**

**Frjáls leikur:**

Á Álfasteini mega börnin ganga í það sem þau vilja en verða alltaf að ganga frá eftir sig ef þau ætla að skipta og ekkert barn er eftir sem ætlar að halda áfram í leiknum. Starfsfólk passar samt að ekki séu of mörg börn á ákveðnum svæðum.

**Styrkleikar**: Börnin velja frekar það sem vekur áhuga þeirra, t.d. eftir líðan og áhuga.

Þrátt fyrir að börnin hafa fengið fleiri tækifæri til þess að leika sér í frjálsum leik hefur vantað upp á að starfsfólk sé á staðnum fyrir börnin á meðan þau eru í leiknum. Það var því niðurstaða starfsmanna að þegar við horfðum á hvernig gengið hefur í vetur að við þurfum að vera meira til staðar fyrir börnin þegar þau eru í frjálsum leik. En við töldum að með því að vera meira til staðar gætum við hjálpað börnum til að þroskast og læra í gengum leik ásamt því að safna okkur frekari upplýsinga um börnin, samskipti þeirra og þann leik sem fram fer á deildinni.

- **Tækifæri til umbóta**:  Að starfsfólk sé til staðar fyrir börnin í frjálsum leik og efli félagsfærni og sjálfseflingu barnanna.
-





LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik barnanna** | Að starfsfólk sé meðvitað um að vera til staðar í leik hjá börnum. Þannig að börnin eflist í félagsfærni og sjálfsefli | Skipuleggja þannig að starfsmenn sjái um ákveðin rými yfir daginn. | Sept – maí | Allir starfsmenn deildarinnar. | Farið verði yfir á deildarfundum hvernig til tekst og hvað mætti betur fara. | Að starfsfólk deildar sé meðvitað um hvernig við eflum börnin í félagsfærni og sjálfsefli. |

**Útinám:**

Útinámið í vetur gekk vel og eins með skipulagðar ferðir á bókasafnið og í íþróttaskóla Víkings. Börnin lærðu að læra að lesa í umhverfið, voru fljót að átta sig á þeim reglum sem fylgja að fara í slíkar vettvangsferðir, líkt og umferðareglur, reglur sem gilda í kringum strætisferðir og fylgja því að vera í hóp. Starfsfólk lærði og spurði börnin hvað þau vildu gera í útinámskennslu og var það svo framkvæmt, þannig að bæði börn og starfsfólk tók þátt í að skipuleggja útinámið.

- **Styrkleikar**: Starfsfólk lærðu að hugmyndir barna og þátttaka þeirra í að skipuleggja útinámið væri jafnt mikilvægt.

Útinámið gekk vel og jafnvel betur þegar börnin tóku meiri þátt í að skipuleggja það. Markmið Álfasteins er að fara í skipulagt útinám oftar en einu sinni í viku. Þar sem börnunum gefst kostur á að kynnast nærumhverfi leikskólans og upplifa að hlustað er á þeirra skoðanir og það framkvæmt.

- **Tækifæri til umbóta**: Að fara 1-2 sinnum í viku í skipulagt útinám og að börnin fái enn meiri tækifæri til að greina nærumhverfi sitt.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Útinám | Að farið sé í útinám 1-2 sinnum í viku, þannig að börnin fái meiri tækifæri til að kynnast umhverfi sínu. | Festa niður daga þar sem farið verður í útinámi | September - maí | Deildarstjóri | Skráning – báðir dagar skráðir í útinámsbókina – hvert var farið og hvað var gert. Ljósmyndaskráning. | Að barnið upplifi að sín hugmynd geti orðið að veruleika/framkvæmd. |

**Félagsfærni:**

Á Álfasteini er unnið með félagsfærni alla daga. Við leggjum áherslu á að börnin séu góð við hvort annað og virði líðan þeirra. Við þurfum ekki alltaf að vera í góðu skapi það er líka í boði að vera í fýlu. Við tölum líka um fjölbreytileikann, við erum öll einn kynflokkur en samt svo ólík. Styrkleikar: Börnin öðluðust hæfni í vinafærni og gátu oftar sjálf unnið að því að leysa úr ágreiningsmálum.

Félagsfærnin gekk vel, en starfsfólk má vera öflugra við að grípa ekki alltaf strax inní og leiðbeina börnum í gegnum ágreininga með því að nota pbs.

- Tækifæri til umbóta: Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum

| Umbóta- þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma- áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Félagsfærni** | Byrja aftur að nota pbs. | Festa niður tíma/daga þar sem farið er markvisst í pbs | September - maí | Allir starfsmenn deildarinnar | Markvisst endurmetið á deildarfundum | Að börnin öðlist góða sjálfsmynd og góða félagsfærni. |

**Innra mat Birkilundar**

Í vetur voru 20 börn fædd árið 2016 og 2017 á Birkilundi.

**Frjáls leikur:** Í dagskipulagi á Birkilundi er frjáls leikur eftir hvíld og í útiveru í garðinum fastur liður. Þá fengu börnin tækifæri að velja sér að leika, hvað þau leika, viðfangsefni (viðfangsefni sem er til í leikskóla og í boði - árstíðar) og leikfélaga. Það gekk vel að halda sig við þetta skipulag.

- **Styrkleikar**: Börnin fengu fasta tíma til að þroskast í frjálsum leik.

Okkur starfsmönnum á Birkilundi fannst að við ættum að bæta okkur í að fylgjast með leiknum, taka þátt í leiknum á forsendum barna og vera meira til staðar í leiknum. Þannig að börnin njóta, þroskast og læra enn meira í frjálsum leik.

- **Tækifæri til umbóta**: Starfsmenn verða til staðar í leiknum fyrir börnin í frjálsum leik, fylgjast með leiknum og taka þátt í leiknum á forsendum barna.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik barnanna** | Að starfsfólk sé meðvitað um að vera til staðar í leiknum hjá börnum, fylgjast með leiknum og taka þátt í leiknum á forsendum barna og styðja börnin þannig í þroskaferlinu. | Skipuleggja dagskipulagið þannig að starfsmenn geta verið ótruflaðir til staðar í leiknum fyrir börnin (ekkert annað hlutverk). | Sept – maí | Allir starfsmenn deildarinnar | Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning:<br>- Píluaðferð<br>- ljósmyndir<br>- monkey survey | Skipulögð viðvera starfsmanns í leiknum hjá börnum hefur fengið fastan sess í dagskipulag á Birkilundi. Þegar skráning og viðvera starfsmanna í leik barnanna er orðin hluti af vinnufyrirkomulagi starfsfólksins. |

**Útinám utan leikskólalóðar:** Á þessu skólaári gekk útinámið ekki eins vel og ætlað var. Tækifærin til útináms voru fá en heppnuðust skipulagðar ferðir á bókasafnið mjög vel sem eldri hópurinn fór á í vor. Allir krakkarnir fóru síðan í útinám og tóku fyrstu skrefin utan leikskólalóðar. Þannig fengu börnin tækifæri að kynna sér nærumhverfi utan leikskólalóðar og þeirra náttúru. Einnig kynntu og æfðu þau að fara eftir þeim reglum sem gilda í útinámi, eins og hvernig er rétt að haga sér sem hópur, í strætóferðum, að halda í bandið og að hlaupa ekki á undan.

- **Styrkleikar**: Börnin kynntu sér nærumhverfi utan leikskólalóðar og þeirra náttúru. Auk þess kynntu og æfðu þau að fara eftir þeim reglum sem gilda í útinámi.



Þrátt fyrir að börnin hafi fengið tækifæri til að fara í útinám voru tækifærin fá. Niðurstaða deildarstarfsmanna var sú að skipuleggja þurfi betur útinámið, festa það í dagskipulaginu, skipta nemandahópnum í þrennt og fara á víxl einu sinni í viku í skipulagt útinám.

- **Tækifæri til umbóta**: Hópar fara til skiptist einu sinni í viku í skipulagt útinám utan leikskólalóðar.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir ? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Útinám utan leikskóla-lóðar** | Markmið er að útinámið festist í stundatöflu og hópar fara á víxl einu sinni í viku í skipulagt útinám utan leikskóla-lóðar og að börnin fái þannig tækifæri að kynna sér nærumhverfi og þeirra náttúru og auk þess læra hvernig á að haga sér í útinámi. | Skipuleggja útinámið og festa það í stundatöflu. | Október - júní | Allir starfsmenn deildarinnar | Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur.<br>Skráning:<br>- í dagbók (hvaða hópur fer og fór)<br>- ljósmyndir<br>- útináms-mappa (myndir og stutt lýsing) | Börnin hafa kynnt sér nærumhverfið leikskólans og vita hvernig á að haga sér í útinámi. Útinám hefur fengið fastan sess í dagskipulag á Birkilundi. |

**Félagsfærni:** Við leggjum mikla áherslu á jákvæð samskipti og að kenna börnum vinafærni. Við höfum sungið og lesið bækur um þetta efni í vetur. Einnig æfðu börnin sig í því að virða einkarými hvers og eins þar sem aðalreglan hjá okkur er „við höfum hendur og fætur hjá okkur". Auk þess voru börnin hvött til þess að nota orð í staðinn fyrir grát, taka af eða lemja og fengu þau mikið hrós fyrir rétta hegðun.

- **Styrkleikar**: Börnin eru að sýna framfarir að nota orð í staðinn fyrir grát, taka af eða lemja.

Þrátt fyrir að við höfum lagt mikil áherslu á jákvæð samskipti og vinafærni höfum við ekki unnið nóg markvisst af því í vetur. Niðurstaða deildarstarfsmanna var sú að við þurfum að vinna markvissari með jákvæð samskipti og vinafærni. Því ákváðum við að auka viðveru starfsmanna í leiknum til styðja börnum til jákvæðra samskipta.

- **Tækifæri til umbóta:** Starfsmenn verða meira til staðar í leiknum fyrir börnin í frjálsum leik til að styðja börnum í að móta hæfni í jákvæð samskipti.

| **Umbóta-þættir** | **Markmið með umbótum** | **Aðgerðir til umbóta** | **Tíma-áætlun** | **Ábyrgðaraðili** | **Endurmat; hvenær og hvernig** | **Viðmið um árangur** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
|  **Félags-færni** | Markmið er að börnin fái „verkfæri“ í hendi sem styður þau að temja sér í jákvæðari samskipti | Starfsmenn taka meira þátt í frjálsum leik með börnunum. | Sept. - maí | Allir starfsmenn deildarinnar | Hafa monkey survey á sex vikna fresti sem starfmenn taka þátt í sem grunn á mati og því metið og yfirfarið á deildarfundi. | Þegar starfsmenn eru til staðar í leiknum hjá börnunum. Þegar börnin eru búin að móta hæfni í jákvæð samskipti |

**Innra mat Dvergasteins**

Í vetur voru 15 börn á Dvergasteini, fædd 2015, 2016 og 2017.

**Frjáls leikur:**

Á Dvergasteini er lögð mikil áhersla á frjálsa leikinn og að þessar stundir sé nýttar vel til náms barnanna. Rými í dagskipulaginu er tileinkað frjálsum leik og eru daglegar stundir þar sem börnin ráða sínum leik og leikföngum. Kennarar og starfsmenn eru til staðar og styðja við leikinn ef þörf er á, annars fá börnin að leiða og stjórna eigin sköpun. Í vetur voru gerðar smávægilegar breytingar húsgögnum og rýmum deildarinnar sem höfðu þann tilgang að ýta undir leikinn og auka á fjölbreytileikann í leikfangavali barnanna. Í gegnum leikinn er hægt að kenna börnunum hvað best og er frjálsi leikurinn einna best tilfallinn til að auka sjálfseflingu, félagsfærni og á samskipti barnanna.

- **Styrkleikar**: Frjálsi leikurinn er fastur hluti af dagskipulagi og er lögð áhersla á hann.

Það er ávallt rými til að gera betur, en þrátt fyrir að frjálsi leikurinn sé í dagskipulagi þá má gera betur. Eitt af því sem betur má gera er að starfsfólk sé meira til staðar í leiknum. Með því að vera til staðar

þegar leikurinn fer fram læra starfsmenn svo margt um börnin, til dæmis hvernig best er að styðja við barnið til að auka á færni þess og þroska og fleira. Skráningar á leiknum og samskiptum barnanna hjálpa til við að meta stöðu þeirra og skoða þroskaferilinn þeirra, og veita starfsmönnum ómetanlega innsýn inní heim barnanna á deildinni.

- **Tækifæri til umbóta**: Að starfsfólk sé meira til staðar fyrir börnin í frjálsum leik.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Frjáls leikur / sjálfsefling** | Að starfsfólk sé meðvitað um hlutverk sitt í frjálsum leik og sé til staðar fyrir börnin. | Skipuleggja dagskipulagið þannig að starfsmenn sjái um ákveðin rými yfir daginn. | Sept – maí | Allir starfsmenn deildarinnar | Deildarfundir nýttir til þess að ræða hvernig gengur, endurmeta og ígrunda ferlið. | Að starfsfólk upplifi mikilvægi leiksins og það sé meðvitað um það hvernig skráningar gefa betri innsýn og skilning á leik barnanna. Aukinn skilningur á hlutverki fullorðinna í leiknum. |

**Útinám:**

Útinámið á Dvergasteini var því miður ekki eins reglulegt í vetur og vonir stóðu til í upphafi skólaárs. Haustið byrjaði vel og var reglulega farið í styttri ferðir með minni hópa, þessar ferðir duttu hinsvegar út þegar veðrið og færðin fóru að vera erfiðari. Það er mikilvægt að börnin læri að fara saman í hóp í styttri og lengri ferðir sem hluti af þroska og námsferli þeirra, að þau kynnist sínu nánasta umhverfi, að þau þekki reglurnar, að þau séu örugg með sig og í hóp í vettvangsferðum. Fossvogurinn er mikið notaður til útináms og er hann sérstaklega hentugur til að kenna yngstu börnunum að fara saman í ferðir, þar sem ekki þarf að fara yfir neinar umferðagötur og er umhverfið mjög öruggt fyrir byrjendur.

- **Styrkleikar**: Börnin fá tækifæri til að kynnast sínu nánast umhverfi á öruggan og rólegan hátt í Fossvoginum.

Þar sem útinámið var ekki nægilega reglulegt í vetur þá er tilvalið að nýta komandi vetur til að bæta um betur og vera með fastar ferðir út fyrir lóðina. Farið er út í garðinn alla þá daga ársins sem veður leyfir, en markmiðið fyrir veturinn er að hvert barn fái reglulega tækifæri til að fara út fyrir skólalóðina. Þar sem að veðrið og færðin stjórnar því gjarnan hvort hægt sé að fara út eða ekki þá er markmiðið fyrir veturinn að hvert barn fái tækifæri til að fara í ferð að lágmarki tvisvar í mánuði og með því að hafa lágmarks markmið þá eru auknar líkur á að hægt sé að uppfylla það.

- **Tækifæri til umbóta**: að hvert barn fari í útinám utan skólalóðar að lágmarki tvisvar í mánuði.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Útinám | Að hvert barn fái að fara í útinámsferð að lágmarki tvisvar í mánuði. | Útinám verður fastur liður í dagskipulagi og ef að ferðin dettur niður þá er annar dagur valinn í staðinn sem fyrst. | Október - maí | Allir starfsmenn deildarinnar | Skráning verður á ferðunum, ljósmyndir teknar og haldið verður utanum skráningar í útinámsdagbók deildarinnar. | Að skráningin sýni að hvert barn hafi fengið reglulegar ferðir yfir veturinn. |

**Félagsfærni:**

Dvergasteinn er deildin fyrir yngstu börnin og eru þau því fyrsta veturinn sinn að læra að vera á leikskóla. Eitt af því mikilvægasta sem að börnin læra fyrsta árið er félagsfærni, að vera í stórum hóp barna og að læra þær félagslegu reglur sem að því fylgja. Þau læra að leika við aðra, deila leikföngum með öðrum, skiptast á og þegar að því kemur að nota orðin sín. Þessi færni er grunnurinn að því þeirri félagsfærni sem að þau byggja á síðar og þroska með sér til framtíðar. Þær aðferðir sem að notaðar eru félagsfærnisögur eins "súpervinur", PBS (positive behavior support) sem er aðferða sem að styður við jákvæða hegðun, einnig eru notaðar sögur eins og til dæmis um hana Bínu. Það er lögð mikil áhersla á deildinni að börnin læri að koma vel fram við hvort annað og beri virðingu fyrir öðrum.

- **Styrkleikar:** Börnin læra grunninn að félagsfærni og styður starfsfólk við þau í þessu þroskaferli.

Þrátt fyrir að mikil áhersla sé lögð á að félagsfærni barnanna sé aukin og stutt sé við jákvæð samskipti á milli barnanna, þá er tilvalið að leggja áherslu á þær fyrirmyndir sem fyrir börnunum eru og að leggja áherslu í vetur á það. Markmið vetrarins verður að auka enn á jákvæð samskipti starfsmanna

og þar af leiðandi allra innan leikskólans. Þar sem fullorðna fólkið eru börnunum fyrirmyndir þá er kjörið tækifæri að byrja á þeim og smitast sú jákvæðni og vellíðan til barnanna.

- **Tækifæri til umbóta**: Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Félagsfærni** | Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum | Áhersla verður lögð á jákvæð og uppbyggileg samskipti starfsmanna. | sept - maí | Allir starfsmenn deildarinnar. | Endurmat verður gert reglulega á deildarfundum og skráning á framförum í fundargerðir. | Að jákvæð og uppbyggileg samskipti séu áberandi bragur í leikskólanum og það skíni í gegnum allt starf. |

**Innra mat Grenilundar**

Grenilundur er 25 barna deild og börnin eru fædd árið 2015 og 2016

**Útinám** á Grenilundi, barnahópnum var skipt i tvennt, við erum með einstaklinga sem að eru fædd árið 2015 og 2016. Við ákváðum að byrja að fara með börnin sem að eru fædd 2015 og völdum okkur svæði sem að við höfðum fyrir okkar samastað. Börnin sem að eru fædd 2016 var farið með þau í styttri ferðir til að byrja með. Útinám átti að vera einu sinni í viku. Farið var eftir tilsettum markmiðum með hverri stund. Hver stund var vel skipulögð og öll gögn aðgengileg. Börnin voru fljót að læra lesa í umhverfið og fara eftir þeim reglum sem að tilheyrir því að fara fyrir utan lóð skólans. Eins og umferðarreglur, hvernig við berum okkur að þegar við förum í og úr strætisvagninum og halda í bandið í gönguferðum.

Þegar líða tók á skólaárið og færðin varð erfiðari þá féll útinámið niður einhverra hluta vegna. En við vorum búnar að setja okkur það markmið um að nýta þá garðinn okkar til útináms sem að gekk ekki eins og lagt var með í upphafi.

- **Styrkleikar** okkur tókst mjög vel að halda áætlun og fara í útinám einu sinni í viku til áramóta, einnig unnum við mjög markvisst eftir þeim markmiðum sem að sett voru. Hver hópur fór einu sinni í mánuði á bókasafnið, það gekk hins vegar alveg eftir.
- Börnin voru fljót að tileinka sér þær reglur sem að gilda í útináminu og ferðirnar gengu mjög vel.
- Mikill munum var á barnahópnum frá því í haust og fram á vor hvað ferðir varða. Þau eru öruggari með sig.

- **Tækifæri** til úrbóta við verðum að nýta garðinn betur til útináms þegar færð og veður er ekki okkur í hag.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? Nýta garðinn okkar til útináms. | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Útinám** | Láta veður og færð ekki stjórna útináminu og fara einu sinni í viku í útinám. | Nýta garðinn okkar til útináms þegar veður og færð verður okkur erfið. | Reikna með um áramátin þá verður færðin oft þyngri fyrir stutta fætur. | Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar. | Endurmat á deildar-fundum sem að eru einu sinni á þriggja vikna fresti. Skráning og myndir. | Að börnin finni fyrir öryggi og þekki nánasta umhverfi sitt. |

**Frjáls leikur** í haust lögðum við af stað með hringekju í fyrsta sinn á okkar deild, en okkur fannst hún ekki henta þessum aldurshópi, við vorum með fimm stöðvar, en okkur fannst svo lítil streita myndast Þannig að við hættum með hringekjuna. Og með því gátum við gefið frjálsa leiknum meira svigrúm.

- **Styrkleikar** stundin eftir hádegi er mikið notuð fyrir frjálsa leikinn og hann fékk rýmri tíma og börnin fengu að velja sér viðfangsefni.
- **Tækifæri til umbóta:** Með því að breyta og auka fasta við veru í frjálsa leiknum þá getum við enn frekar verið til staðar og leiðrétt og leiðbeint börnunum

| **Umbóta-þættir** | **Markmið með umbótum** | **Aðgerðir til umbóta** | **Tíma-áætlun** | **Ábyrgðaraðili** | **Endurmat; hvenær og hvernig** | **Viðmið um árangur** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Sjálfsefling** | Að starfsfólks sé meðvitað um hlutverk sitt í frjálsa leiknum að vera meira til staðar. | Starfsmenn skipta sér niður á svæði. | Haustið 2019 | Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar. | Rætt á deildarfundum og með spurningarlistum. Um áramótin og aftur um vorið. | Að starfsfólk telji sig vera meðvituð um að vera til staðar í leik, átti sig á mikilvægi þess að fylgjast með börnum þegar þau eru í leik. Starfsfólk afli sér upplýsingar og þekkingar um börnin. Ásamt því að veita börnum aðstoð til þess að læra og þroskast í gegnum leik. |

**Félagsfærni:** Á Grenilundi leggjum við mikla áherslu á falleg og jákvæð samskipti og að börnin noti málið sitt, til þess að leysa úr ágreiningi en ekki handalögmálið. Við ræðum mikið um vini og vera vinsamlegur og lögð er áhersla á vinafærni og hjálpsemi. Við lesum og syngjum söngva tengda vináttu. Börnunum er leiðbeint með að við verðum að skiptast á og deila með okkur leikföngum.

Þrátt fyrir að við töldum okkur vera að gera ágæta hluti þá sjáum við að við getum gert betur með því að vera meira til staðar í frjálsa leiknum, því þar koma oft fyrir ágreiningar þar og þá er nauðsynlegt vera til staðar og geta gripið inní áður en til slagsmála koma.

**-Styrkleikar:** Börnin eru farin að sýna meiri færni í að biðja um það sem þau óska eftir og farin að nota orðin“ við verðum að skiptast á“

Einnig að nota orð eins og vinsamlegur.

**-Tækifæri til úrbóta:** Með því að breyta og auka fasta viðveru í frjálsa leiknum þá getum við enn frekar verið til staðar leiðrétt og leiðbeint börnunum áður en til ágreinings kemur.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Félagsfærni** | Auka og stuðla enn frekar að jákvæðum samskiptum. | Vera enn meira til staðar í frjálsa leiknum. | Ágúst - maí | Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar. | Rætt á deildar-fundum. | Með því að við séum alltaf til staðar og tilbúnar að aðstoða börnin og kenna þeim jákvæð samskipti, þá mun það vonandi leiða til aukinnar félagsfærni og jákvæðra samskipta. |



**Innra mat Huldusteins**

**<u>Frjáls leikur:</u>**

Á Huldusteini í vetur þar sem var hreinn árgangur af 20 börnum fæddum 2013 var mikið lagt upp úr vináttu eins og endranær meðal annars til að koma í veg fyrir einelti. Við lásum mikið af bókum tengdum efninu, sungum söngva og fórum í ýmsa leiki.

- **Styrkleikar:** Börnin tileinkuðu sér þessi orðatiltæki og virtust skilja þau eins og einelti, tillitsemi, hjálpsemi og að sýna ábyrgð.
-

En Þótt svo að börnin hafi og noti þessi orð og skilji þá eru börn sem ná alltaf að „kaffæra“ önnur börn og þau fá því ekki að blómstra. Reyndar enginn eins og hann/hún ætti að gera. Starfsfólkið vill því að öll börnin fái tækifæri til að vera leiðtogar og stjórna t.d. í leikjum, samverustund og samverum.

- **Tækifæri til umbóta:** Að gera öll börnin að sterkum einstaklingum sem þora að koma fram og tjá sig og vera sjálfstæð.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Sjálfsefling** | Að hlutverk starfsfólks sé að gera börnin að sterkum og sjálfstæðum einstaklingum | Að öll börnin fái sömu tækifæri til að koma jafnt fram og tjá sig og stjórna í leik | Sept-maí | Deildarstjóri ásamt öllum starfsmönnum á deildinni | Deildarfundir nýttir til þess að ræða hvernig gengur | Mjög gott að sjá t.d. hvernig börnin eru að taka þátt í framsögn að hausti og svo aftur að vori hvað þau eflast yfir veturinn. Það er er t.d. gott viðmið um sjálfstæði. |

**Útinám:**

Fyrir áramót var farið 1. sinni í viku  með allan hópinn í útinám, 20 börn og 3 starfsmenn. Þetta var of stór hópur. Eftir áramót var því prófað að skipta hópnum í tvennt og 2 starfsmenn, hvor hópur fór þá 1 sinni í viku, en þó ekki fastan tíma. Þetta fyrirkomulag gekk miklu betur og börnunum leið betur. Starfsmenn sáu mikið um alla skipulagningu þennan vetur, hvað skildi gera og hvert skildi fara í útináminu.

- **Styrkleikar:** Börnin lærðu að lesa í umhverfið sitt og fylgja þeim reglum sem settar eru í vettvangsferðum.

Útinámið gekk mun betur eftir áramót að vissu leyti það er að segja að skipta hópnum en það er betra að hafa útinámið alltaf á föstum dögum. Einnig að hafa það í huga að leyfa börnunum að koma

að skipulagningunni um það hvert og hvað á að gera í útináminu því það bætir sjálfseflingu og félagsfærni barnanna.

- **Tækifæri til umbóta:** Að leyfa börnunum að koma meira að skipulagningu um hvert og hvað á að gera í útinámi og mat barnanna í lokin.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/<br>Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Útinám** | Að leyfa börnunum að koma meira að skipulagningu um hvert og hvað á að gera í útinámi | Með því setjast niður með börnunum áður en við leggjum af stað og leyfa þeim að koma að ákvörðunar-töku um hvað á að gera í útinámi. Þá er það meiri hluti sem ræður í barnahópnum | Sept - maí | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar | Deildarfundir nýttir til að ræða hvernig gengur | Í lok hvers útinámsferðar er skráning og börnin eiga að koma að mati, það verður því auðveldara að meta að vori hversu örugg þau eru og góð í félagsfærni eftir veturinn |

**<u>Félagsfærni:</u>**

Á haustin byrjum við alltaf á því að vinna með félagsfærni og erum að vinna með það allan veturinn til að leggja inn vinafærni og til að koma í veg fyrir einelti. Við lásum mikið af bókum, notuðum

verkefnið Hjálpfús frá Rauða krossinum og börnin hvött og þjálfuð til að leysa úr ágreiningi á eigin spýtur. Einnig notuðum við hugtök eins og einelti, hjálpsemi, ábyrgð og tillitsemi

- **Styrkleikar:** Börnin öðluðust færni í að leysa úr ágreiningi, notuðu og skildu hugtökin sem þeim voru kennd.

Það má þó alltaf gera betur, starfsfólkið er jákvætt að eðlisfari og tilbúið í að bæta við og takast á við breytingar og ætlum við að gera það með því að gera börnin okkar enn sterkari og öruggari einstaklinga. Við ætlum því að bæta Stig af stigi inn í námið okkar á deildinni næsta vetur og eykur það sjálfseflingu og félagsfærni barnanna enn frekar.

- **Tækifæri til umbóta:** Að  vinna með Stig af stigi til að auka enn frekar sjálfseflingu og félagsfærni barnanna

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Félagsfærni** | Að gera börnin að sterkari og öruggari einstaklingum | Með því að nota Stig af stigi | Sept - maí | Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar | Deildarfundir nýttir til að ræða hvernig gengur | Að vori sjáum við hversu sjálfsörugg börnin eru orðin miðað við frá hausti t.d. miðað við framsögn og hvernig þau takast á við erfið-leika sem koma upp |

**Innra mat Skógarlundar**

Á Skógarlundi í vetur voru 22 börn fædd árið 2013, 2014 og 2015.

**Frjáls leikur:**

Við á Skógarlundi lögðum meiri áherslur á  í vetur að börn höfðu góðan tíma til þess að leika sér og fengu meira val um hvað þau léku sér með. Ákveðinn rammi var þó inná deildinni, en með ramma er átt við að börnin fengu tækifæri til þess að velja sér leikefni út frá því leikefni sem var inná deild hverju sinni ásamt því að þau þurftu að dvelja við leikinn í ákveðinn tíma hverju sinni.

- **Styrkleikar**: Börnin fengu meiri tíma í vetur til þess að leika sér í frjálsum leik.

Þrátt fyrir að börnin hafa fengið fleiri tækifæri til þess að leika sér í frjálsum leik hefur vantað upp á að starfsfólk sé á staðnum fyrir börnin á meðan þau eru í leiknum. Það var því niðurstaða starfsmanna að þegar við horfðum á hvernig gengið hefur í vetur að við þurfum að vera meira til staðar fyrir börnin þegar þau eru í frjálsum leik. En við töldum að með því að vera meira til staðar gætum við hjálpað börnum til að þroskast og læra í gengum leik ásamt því að safnað okkur frekari upplýsingum um börnin, samskiptum þeirra og þeim leik sem fram fer á deildinni.

- **Tækifæri til umbóta**:  Að starfsfólk sé til staðar fyrir börnin í frjálsum leik.

-






LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

| Hvað þarf að bæta? | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sjálfsefling** | Að starfsfólk sé meðvitað um hlutverk sitt í frjálsum leik hjá börnunum. | Skipuleggja þannig að starfsmenn sjái um ákveðin rými yfir daginn. -dagsskipulag Innleiða „gefðu 10“ inná deildina. – nota bæklinginn | Sept – maí | Allir starfsmenn deildarinnar | Deildarfundir nýttir til þess að ræða hvernig gengur. Opnar spurningar lagðar fyrir starfsfólk þar sem það metur hvernig til tókst. | Að starfsfólk telji sig vera meðvituð um að vera til staðar í leik, átti sig á mikilvægi þess að fylgjast með börnum þegar þau eru í leik. Starfsfólk afli sér upplýsingar og þekkingar um börnin. Ásamt því að veita börnum aðstoð til þess að læra og þroskast í gegnum leik. |

**Útinám:**

Útinámið í vetur gekk ekki eins vel og við lögðum upp með. Aftur á móti gengu skipulagðar ferðir á bókasafnið og í íþróttaskóla Víkings eins og í sögu. Börnin sýndu miklar framfarir varðandi að læra að

lesa í umhverfið, voru fljót að átta sig á þeim reglum sem fylgja að fara í slíkar vettvangsferðir, líkt og umferðareglur, reglur sem gilda í kringum strætisferðir og fylgja því að vera í hóp.

- **Styrkleikar**: Börnin lærðu að lesa í umhverfið sitt og fylgja þeim reglum sem settar eru í vettvangsferðum

Eins og fyrr segir gekk útinámið ekki eins og við lögðum upp með í vetur. Markmið Skógarlundar er að fara í skipulagt útinám 3 til 4 sinnum í mánuði. Þar sem börnin gefst kostur á m.a. að kynnast nærumhverfi leikskólans, þjálfa umhverfislæsið sitt og fást við verkefnið sem unnin eru úti í náttúrunni.

- **Tækifæri til umbóta**: Að fara 2-3 sinnum í mánuði í skipulagt útinám.

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| Útinám | Að útinám festist í dagskipulagi og farið verið 2-3 sinnum á mánuði í skipulagt útinám | Festa niður daga þar sem farið verður í útinámi í skipulagi. Skipuleggja stundirnar vel með börnunum þar sem markmið og leiðir eru skýrar | Október - maí | Allir starfsmenn deildarinnar | Skráning – merkt við í dagbókina. Skráning í útinámsbókina – hvert var farið og hvað var gert. Ljósmyndaskráning | Að börnin fái tækifæri til að kynnast nærumhverfi sínu og læri í gengum rannsóknarnálgun. Sem og að útinám fái fastan sess í dagskipulagi. |

**Félagsfærni:**

Á Skógarlundi er unnið með félagsfærni alla daga. Mikil áhersla er lögð á vinafærni og kenna börnum hvað felst í því að vera vinur. Hugtök eru notuð, lesið er mikið af sögum sem tengjast vinafærni og eru börnum þjálfuð og stutt við að leysa úr ágreiningi á eigin spýtur

- Styrkleikar: Börnin öðluðust hæfni í vinafærni og gátu sjálf unnið að því að leysa úr ágreiningsmálum.

Þegar horft er á veturinn í heild sinni voru starfsmenn deildarinnar sammála um að aukin jákvæða samskipti innan leikskólans mættur vera betri. Með jákvæðari samskipti milli starfsfólks og við börnin, læra börnin jákvæð samskipti. Með því verður andrúmsloftið í leikskólanum einnig betra. Með því að starfsfólk auki jákvæð samskipti fá börnin góðar fyrirmyndir um hvernig samskipti við viljum að þau séu að nota. Einnig er mikilvægt að jákvæð samskipti séu innan starfsmannahópsins svo mórallinn á vinnustaðnum sé góður og öllum starfsmönnum líði vel í vinnunni.

- Tækifæri til umbóta: Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum

| Umbóta-þættir | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tíma-áætlun | Ábyrgðaraði li | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihó pur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Félagsfærni** | Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum | Starfsfólk temji sér að nota jákvæðari og uppbyggilegri samskipti sín á milli og eins við börnin. Inni á deild verði unnið að verkefnum | Ágúst - maí | Allir starfsmenn deildarinnar. | Markvisst endurmetið á deildardundum og deildarstjórafun dum. Notaðar eru fundagerðir, verk barna, skráningar í þemaverkefnum til endurmats. | Að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldinu lausnaleit í samskiptum við hvort annað. |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | sem ýta undir jákvæð samskipti, líkt og vinafærni og hjálpsemi. | | | | |

# 3 Ytra mat

**Viðhorfskönnun starfsfólks var gerð í vetur. Þátttaka var dræm, en mikilvægt er að virkja starfsfólk til þess að svara könnuninni. Helstu niðurstöður hennar eru þær að starfsfólk vill efla starfsánægju og vinsamlegt starfsumhverfi þar sem öllum líður vel.**

| Umbótaþættir Ytra mat | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** **Upplýsingaflæði** **Starfsánægja** **Starfsumhverfi** | Að hverju er stefnt? Allt starfsfólk eigi greiðan aðgang að upplýsingum | Hvernig framkvæmum við það? Innleiða markvissar aðferðir sem miðla upplýsingum | Hvenær hefst og hvenær lokið? Sept-maí | Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir? Leik og aðstoðarleikskólastjóri. Deildarstjórar | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum) Næsta viðhorfskönnun | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| | Að efla starfsánægju | | Sept/maí | Allt starfsfólk Furuskógar | Spurningar-listar og viðhorfskönnun | Ánægt starfsfólk |
| | Starfsumhverfi: | Gera starfs-umhverfið aðlagandi: | Sept/maí | Allt starfsfólk : | Skipulagsdagur í maí | Starfsumhverfið snyrtilegt |
| | Vinsamlegt starfsumhverfi þar sem einelti og áreiti þrífast ekki. | Vinsemd og virðing í samskiptum | Sept-maí | Leikskóla og deildarstjórar | Spurningar-listar, viðhorfskönn-un og starfsviðtöl | Starfánægja, Ekki mælist einelti og áreiti í könnun. |

# 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtal fóru fram í vor  og er tilgangur þeirra m.a. að fara yfir frammistöðu starfsmanns, ræða starfið og starfsumhverfið, yfirfara starfslýsingu og meta þörf á fræðslu.Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka viðtölin.

Næsta skólaár ætlum við að innleiða tvo þætti Menntastefnu Reykjavíkur: Félagsfærni og sjálfseflingu.

Verður fræðsla á skipulagsdögum í samræmi við það.

Skipulagsdagar 2019-2020

| | | |
|---|---|---|
| Skipulagsdagur 30. ágúst | Fyrirlestur um mennastefnu<br><br>Kynning á viðhorfskönnun starfsmanna.<br><br>Fyrirlestur um einelti | Fríða B Jónsdóttir<br><br>Guðný Reynisdóttir mannauðsráðgjafi<br><br>Auður Jónsdóttir mannauðráðgjafi |
| Skipulagsdagur 19. nóvember | Fyrirlestur um félagsfærni.<br><br>Heilsueflandi leikskóli m.t.t.<br><br>starfsfólks | Vanda Sigurgeirsdóttir |
| Skipulagsdagur 20. janúar | Upprifjun á PBS | Elísa Guðnadóttir sálfræðingur |
| Námsferð 22 apríl -24. apríl | Til Stokkhólms | Útinámskólar heimsóttir |
| Skipulagsdagur 13. maí | Endurmat gátlistar fylltir út og staðan. Áherslur fyrir næsta skólaár. | |

Hérna fyrir neðan er slóð inn á Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-latum-draumana-raetast

# 5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

| 6 Dagur og tími | Viðburðir | Staðsetning | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| 20. ágúst | Sameinginleg Lubbastund | Leikskólinn Kvistaborg | Stjórnendur beggja skólastiga |
| 15.október | Sameinginlegur fyrirlestur | Salurinn Fossvogskóla | Stjórnendur beggja skólastiga |
| 22. október | Heimsóknir eldri nemenda. | Furuskógur | Stjórnendur, umsjónarkennarar |
| 23.október | Alþjóðlegi bangsad | Furusk/Fosssk/Kvistab | Furusk/Fosssk/Kvistab |
| 7. nóvember | Heimsókn á bókasafn | Fossvogskóli | |
| 8. nóvember | Dagur gegn einelti | Salurinn Fossvogsskóla | Fossvogssk/Furusk/Kvistab |
| 13. nóvember | Heimsókn í Fossvogsk | Fossvogsskóli | ÁFS/IB/HS |
| Desember dagsetning kemur síðar | Úti jólaball | Leiksvæði Fossvosskóli | Stjórnendur beggja skólastiga |
| 13. febrúar | Heimsókn 12.ára nemenda . Þau lesa fyrir leikskólabörnin. | Furuskógur | Stjórnendur og umsjónarkennarar |
| Mars | Stjórnendur hittast samræma skóladagatöl | Kvistaborg | Stjórnendur |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11.mars | Elsti árgangur fer í kennslustund með 1. bekk í Fossvogsk | Fossvogsskóli | Stjórnendur, deildarstjórar og umsjónarkennarar |
| Maí | Upplýsingarfundur | Áveðið síðar | Stjórnendur |
| 15. júní | Kennarafundur,endurmat á samstarfi vetrarins og skipulag næsta skólaárs | Fossvogsskóli | Stjórnendur |

## 6.Foreldrasamvinna

**<u>Foreldraráð</u>:** Í foreldraráði eru þrír fulltrúar. Hlutverk foreldraráðs er að lesa og gefa umsögn um starfsáætlun leikskólans. Ef meiri háttar breytingar eru á skólastarfi þarf að leggja þær fyrir ráðið. Kosið er í ráðið að hausti.

**<u>Foreldrafundir</u>:** Eru einu sinni á ári að hausti, í ár verða þeir 24.-25.-26.-27. september f.h. í Efstalandi og e.h. í Álandi.

Á foreldrafundum er starf á deildum kynnt og foreldar hvattir til að koma með sínar tillögur og hugmyndir.

**<u>Foreldrafélag</u>:** Stjórn foreldrafélagsins er skipað 6 fulltrúum, einum frá hverri deild. Hlutverk foreldrafélagsins er að skipuleggja viðburði sem eru viðbót við skólastarfið. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á foreldrafundum að hausti eftir kynningu á félaginu.

# 7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

**Leikskóladagatal 2019 - 2020**

Nafn skóla: **Furuskógur**

| ÁGÚST | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | | JÚLÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 F | | 1 S | | 1 Þ | | 1 F | | 1 S | Fullveldisdagurinn | 1 M | Nýársdagur | 1 L | | 1 S | | 1 M | | 1 F | Verkalýðsdagurinn | 1 M | Annar í hvítasunnu | 1 M | skil á starfsáætlun |
| 2 F | | 2 M | | 2 M | | 2 L | | 2 M | | 2 F | | 2 S | | 2 M | | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | | 2 F | |
| 3 L | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 Þ | | 3 F | | 3 M | | 3 Þ | | 3 F | | 3 S | | 3 M | | 3 F | |
| 4 S | | 4 M | | 4 F | | 4 M | | 4 M | Piparkökubakstur | 4 L | | 4 Þ | | 4 M | | 4 L | | 4 M | | 4 F | | 4 L | |
| 5 M | Frídagur verslunarmanna | 5 F | | 5 L | | 5 Þ | | 5 F | | 5 S | | 5 M | | 5 F | | 5 S | Pálmasunnudagur | 5 Þ | | 5 F | Sumarhátíð | 5 S | |
| 6 Þ | | 6 F | | 6 S | | 6 M | | 6 F | Jólaleikrit | 6 M | Þrettándinn | 6 F | Dagur leikskólans | 6 F | | 6 M | | 6 M | | 6 L | | 6 M | |
| 7 M | | 7 L | | 7 M | | 7 F | | 7 L | | 7 Þ | | 7 F | Leikskólaráðstefnan Dagur stærðfræðinnar | 7 L | | 7 Þ | | 7 F | | 7 S | Sjómannadagurinn | 7 Þ | |
| 8 F | | 8 S | Dagur læsis | 8 Þ | | 8 F | Elstu börin í heimsókn í Fo | 8 S | | 8 M | | 8 L | | 8 S | | 8 M | [illegible] | 8 F | | 8 M | | 8 M | |
| 9 F | | 9 M | | 9 M | | 9 L | | 9 M | | 9 F | | 9 S | | 9 M | | 9 F | Skírdagur | 9 L | | 9 Þ | | 9 F | |
| 10 L | | 10 Þ | | 10 F | | 10 S | | 10 Þ | | 10 F | | 10 M | | 10 Þ | | 10 F | Föstudagurinn langi | 10 S | | 10 M | | 10 F | |
| 11 S | | 11 M | | 11 F | Námskeiðsdagur leikskólas | 11 M | | 11 M | | 11 L | | 11 Þ | | 11 M | | 11 L | | 11 M | | 11 F | | 11 L | |
| 12 M | | 12 F | | 12 L | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 M | | 12 F | | 12 S | Páskadagur | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | |
| 13 Þ | | 13 F | | 13 S | | 13 M | Heimsókn í Fossvogsskóla | 13 F | [illegible] | 13 M | | 13 F | | 13 F | | 13 M | Annar í páskum | 13 M | Skipulagsdagur | 13 L | | 13 M | |
| 14 M | samráð leikskólastjóra | 14 L | | 14 M | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | | 14 L | | 14 Þ | | 14 F | | 14 S | | 14 Þ | |
| 15 F | | 15 S | | 15 Þ | | 15 F | | 15 S | | 15 M | samráð leikskólastjóra | 15 L | | 15 S | | 15 M | | 15 F | | 15 M | | 15 M | |
| 16 F | | 16 M | Dagur íslenskrar náttúru | 16 M | Sameiginlegur fyrirlestur | 16 L | Dagur íslenskrar tungu | 16 M | | 16 F | | 16 S | | 16 M | | 16 F | | 16 L | | 16 Þ | | 16 F | |
| 17 L | | 17 Þ | | 17 F | | 17 S | | 17 Þ | | 17 F | | 17 M | | 17 Þ | stóri innritunardagurinn | 17 F | | 17 S | | 17 M | Lýðveldisdagurinn | 17 F | |
| 18 S | | 18 M | | 18 F | | 18 M | | 18 M | samráð leikskólastjóra | 18 L | | 18 Þ | | 18 M | samráð leikskólastjóra | 18 L | | 18 M | | 18 F | samráð leikskólastjóra | 18 L | |
| 19 M | | 19 F | | 19 L | | 19 Þ | Skipulagsdagur | 19 F | | 19 S | | 19 M | samráð leikskólastjóra | 19 F | | 19 S | | 19 Þ | | 19 F | | 19 S | |
| 20 Þ | Lubbastund í Kvisteborg | 20 F | | 20 S | | 20 M | samráð leikskólastjóra Dagur mannréttinda barna | 20 F | | 20 M | Skipulagsdagur | 20 F | | 20 F | | 20 M | | 20 M | Útskrift elstu barnanna | 20 L | | 20 M | |
| 21 M | | 21 L | | 21 M | | 21 F | | 21 L | | 21 Þ | | 21 F | Konukaffi | 21 L | | 21 Þ | Barnamenningarhátíð | 21 F | Uppstigningardagur | 21 S | | 21 Þ | |
| 22 F | Leikskólastjórafundur Skólasetning grunnskóla | 22 S | | 22 Þ | Heimsókn eldri nemenda | 22 F | | 22 S | | 22 M | | 22 L | | 22 S | | 22 M | Skipulagsdagur | 22 F | | 22 M | | 22 M | |
| 23 F | | 23 M | | 23 M | Bangsabal | 23 L | | 23 M | Þorláksmessa | 23 F | Leikskólastjórafundur | 23 S | Konudagur | 23 M | | 23 F | Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð | 23 L | | 23 Þ | | 23 F | |
| 24 L | | 24 Þ | Foreldrafundir | 24 F | Leikskólastjórafundur vetrarleyfi grunnskóla | 24 S | | 24 Þ | Aðfangadagur jóla | 24 F | Bóndadagur/Bóndakaffi | 24 M | Bolludagur | 24 Þ | | 24 F | Skipulagsdagur | 24 S | | 24 M | | 24 F | |
| 25 S | | 25 M | Foreldrafundur | 25 F | vetrarleyfi grunnskóla | 25 M | | 25 M | Jóladagur | 25 L | | 25 Þ | Sprengidagur | 25 M | | 25 L | Barnamenningarhátíð | 25 M | | 25 F | Leikskólastjórafundur | 25 L | |
| 26 M | | 26 F | Leikskólastjórafundur Evrópski tungumáladagurinn | 26 L | Fyrsti vetrardagur | 26 Þ | | 26 F | Annar í jólum | 26 S | | 26 M | Öskudagur | 26 F | Leikskólastjórafundur | 26 S | Barnamenningarhátíð | 26 Þ | | 26 F | | 26 S | |
| 27 Þ | | 27 F | Foreldrafundur | 27 S | | 27 M | | 27 F | | 27 M | | 27 F | Leikskólastjórafundur | 27 F | | 27 M | | 27 M | | 27 L | | 27 M | |
| 28 M | | 28 L | | 28 M | vetrarleyfi grunnskóla | 28 F | Leikskólastjórafundur | 28 L | | 28 Þ | | 28 F | | 28 L | | 28 Þ | | 28 F | Leikskólastjórafundur | 28 S | | 28 Þ | |
| 29 F | | 29 S | | 29 Þ | | 29 F | Jólafundur með stjórnendu | 29 S | | 29 M | | 29 L | | 29 S | | 29 M | | 29 F | | 29 M | | 29 M | |
| 30 F | Skipulagsdagur | 30 M | | 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | | | | 30 M | | 30 F | Leikskólastjórafundur | 30 L | | 30 Þ | | 30 F | |
| 31 L | | | | 31 F | | | | 31 Þ | Gamlársdagur | 31 F | | | | 31 Þ | | | | 31 S | Hvítasunnudagur | | | 31 F | |

# 8 Fylgigögn

## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

| Vísbending | Já eða nei/fjöldi | Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér. |
|---|---|---|
| Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum? | 2 | |
| Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum | 1 | Eitt barn fékk stuðning í 2 mánuði þar sem ekki hafði tekist að ráða í stöðu sérkennslustjóra. |
| Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki) | 0 | Enginn sérkennslustjóri var til staðar veturinn 2018-2019, þar sem ekki tókst að ráða í þá stöðu. |
| Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum? | 2 | |
| Er til áætlun um málörvun í leikskólanum? | Nei | Skrifleg áætlun ekki til, en málörvun sinnt að einhverju leyti.<br>Áætluð innleiðing á haustönn 2019. |
| Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum? | Já | |
| Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk) | Já | |
| Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun? | Já | |
| Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning? | Já | |
| Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma? | Já | |
| Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra? | Já | |
| Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir? | Já | Ef já þá hvaða aðrar stofnanir: Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Æfingastöð og talmeinafræðingur |
| Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans? | (Já) | Almennt hefur það verið. |
| Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna? | (Já) | Almennt hefur það verið, en aðstoðarleikskólastjóri hefur sinnt því hlutverki sl. vetur, þar sem sérkennslustjóri var ekki starfandi |

**Niðurstöður innra mats**

Staða sérkennslustjóra hefur verið laus frá 1. júní 2018 og því ekki starfandi sérkennslustjóri í skólanum sl. vetur. Aðstoðarleikskólastjóri hefur sinnt því hlutverki samhliða öðru eins og kostur

hefur verið, en eðli málsins samkvæmt verða ákveðin verkefni útundan við slíkar aðstæður og önnur taka lengri tíma en annars. Aðrir starfsmenn hafa þó lagt hönd á plóg og með samstilltu átaki margra hefur verið hægt að halda ákveðinni þjónustu gangandi. Á vordögum var svo ráðið í stöðu sérkennslustjóra sem hóf störf 1. júní 2019.

Almennt eru sérkennslumál skólans í ágætum farvegi, en ljóst er að setja þarf upp áætlun um málörvun svo vinna megi markvissar að þeim mikilvæga þætti í leikskólastarfinu. Verður það sett í umbótaáætlun með það fyrir augum að undirbúa og innleiða þann þátt á haustönn næsta starfsárs.

| Umbótaþættir Sérkennsla | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Áætlun um málörvun** | Að áætlun um málörvun sé til í leikskólanum og notuð með virkum hætti. | Setja upp áætlun um málörvun og innleiða hana í starfið. Leita aðstoðar og hugmynda MML við vinnuna. | 1. sept.-30. nóv. 2019 | Sérkennslu-stjóri og aðstoðarleik-skólastjóri | 1. desember: Er áætlunin til og búið að innleiða hana? 30. apríl: Er áætlunin virk í skóla-starfinu? | Áætlun um málörvun vegna barna sem þurfa á slíku að halda er til í skólanum og hún virkur hluti af starfinu. |

# Fylgiskjal 2

**Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.**

| Vísbending | Já eða nei | Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi |
|---|---|---|
| Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi | Nei | Skipulögð og markviss vinna á sér ekki stað heilt yfir. |
| Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða) | Já | Talað er við börnin, orð sett á hluti og athafnir og bækur lesnar á hverjum degi. |
| Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? | Já | Unnið er með orðaspjall á sumum deildum, bækur lesnar, ljóð og þulur og unnið með valin orð sem þar koma fyrir. |
| Er fylgst með framförum barnanna? | Nei | Framfarir barnanna á að skrá í listann Einn leikskóli, mörg tungumál, og fylgjast þannig með þeim, en sú markvissa skráning hefur ekki farið fram sem skyldi. |
| Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna?<br>• Orðaforði og málskilningur<br>• Tjáning og frásögn<br>• Hlustun og hljóðkerfisvitund<br>• Ritmál<br>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun | Nei | Markviss og skipulögð vinna með þessa þætti á sér ekki stað, þó unnið sé með málið og ýtt undir virka þátttöku barnanna í starfinu. |

**Niðurstöður innra mats**

Bæta þarf starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku, gera það skipulagðara og markvissara, einkum vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi og huga skipulega að öllum þáttum málsins. Auk þess þarf að virkja skráningu á framförum hvers barns. Gera þarf skýra áætlun um þessa vinnu, kynna hana starfsmönnum og fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt henni.

| Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska | Markmið með umbótum | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat; hvenær og hvernig | Viðmið um árangur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hvað þarf að bæta?** | Að hverju er stefnt? | Hvernig framkvæmum við það? | Hvenær hefst og hvenær lokið? | Hver ber ábyrgð? | Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum) | Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. |
| **Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi** | Að unnið sé skipulega og markvisst með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi | Sjá áætlun sem sett verður upp í samráði við sérkennslu-stjóra og deildarstjóra | Október - apríl | Deildarstjórar og leikskólastjórar | Í desember og mars rætt á deildarstjóra fundi (rýnihópur) | Skipulagt og markvisst er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi |
| **Huga skipulega að öllum þáttum málsins** | Að hugað sé að öllum þáttum málsins | Sjá áætlun sem sett verður upp í samráði við sérkennslu-stjóra og deildarstjóra | Október - apríl | Deildarstjórar og leikskólastjórar | Í desember og mars rætt á deildarstjóra fundi (rýnihópur) | Hugað er að öllum þáttum málsins |
| **Skrá framfarir barnanna í listann Einn leikskóli, mörg tungumál** | Að framfarir barnanna séu skráð í listann og þannig fylgst með þeim og gripið til aðgerða ef barni fer ekki fram með eðlilegum hætti | Eiga til lista fyrir hvert barn og staða þess skráð í hann reglulega, s.s. mánaðarlega | September - apríl | Deildarstjórar og leikskólastjórar | Á deildarstjóra fundum mánaðarlega kannað hvort listi sé notaður og minnt á notkun hans | Framfarir barnanna er skráð reglulega í listann og gripið til aðgerða ef framfarir verða ekki með eðlilegum hætti |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Gera áætlun um starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku** | Að til sé áætlun í skólanum um það hvernig standa skuli að þessu starfi | Setja upp áætlun í samráði við sérkennslu-stjóra og deildarstjóra | Október - apríl | Leikskólastjórar | Í apríl á áætlunin að liggja fyrir | Áætlun er til um starf vegna barna með íslensku sem annað tungumál og hún virkur hluti af starfi skólans |

**F. h. leikskólans** Furuskóg..........................................

Ingibjörg Brynjarsdóttir

**Leikskólastjóri** **Dagsetning**

**Fylgiskjal 3**

# Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun Furuskógar er að mati foreldraráðs vel unnin og gefur skýra mynd af síðastliðnum vetri. Stjórnendur hafa komist vel frá sínu fyrsta ári við stjórnvölin þrátt fyrir hindranir sem upp hafa komið. Ljóst er að stjórnendur eru meðvitaðir um vandamál sem voru til staðar, líkt og vöntun á sérkennslustjóra og vinna af öllum mætti til að leikskólinn haldi sama faglega starfi og hefur einkennt hann til þessa. Mikið gleðiefni að loksins hafi náðst að ráða í starf sérkennslustjóra. Stjórnendur leikskólans, deildarstjórar og leikskólakennarar eiga hrós skilið fyrir að koma auga á þá hluti sem ekki gengu nógu vel í starfseminni og sýnt styrkleika með því að grípa til breytinga þegar á hefur þurft að halda eins og að skipta um rými fyrir deildir, skipting hópa í útinámi og hætta við ákveðna kennsluaðferð sem hentaði ekki viðkomandi aldurshóp.

Þær áherslur og þau verkefni sem fram koma í starfsáætlun leikskólans samræmast skólanámskrá vel að mati foreldraráðs og uppfylla þær faglegu kröfur sem gerðar eru til leikskólastarfsins. Þá verður ekki annað séð af starfsáætlun en að metnaður leikskólans standi til þess að gera gott starf enn betra. Ánægjulegt er að sjá áherslu innan deilda á frjálsan leik og útinám og markmið deildarina til að bæta þessa þætti enn frekar eru skýr og mælanleg. Jákvætt er að hver deild einbeiti sér að fáum markmiðum og eykur líkurnar á að þau náist frekar en að hafa þau of mörg. Sérstaklega spennandi verður að fylgjast með innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur, verkefnum tengdum félagsfærni og ungbarnadeild í húsnæði leikskólans í Álandi.

Foreldraráð vill nýta tækifærið og þakka Ingibjörgu, Helgu og öðrum starfsmönnum fyrir þá miklu hlýju, umhyggju og virðingu sem ætíð mætir börnunum. Miðað við umræður heima við er ljóst að börnunum líður vel í leikskólanum.

Reykjavík 3. september 2019

Ásdís Björg Gestsdóttir

Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir

LÁTUM
**DRAUMANA**
RÆTAST